

**Efni:** Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafið er kynningarferli á drögum að umfangsmiklum breytingum á aðalskipulagi, sbr. auglýsing hér að neðan. Óskað er eftir því að umsagnir og athugasemdir, ef einhverjar eru, berist fyrir 20. nóvember nk. Sjá gögn á [adalskipulag.is](http://adalskipulag.is).

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

## **Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040**

Drög að umfangsmiklum breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur voru lögð fram í skipulags- og samgönguráði þann 7. október og í borgarráði Reykjavíkur þann 15. október sl. Tillögurnar fela m.a. í sér heildaruppfærslu á stefnu um íbúðarbyggð, skilgreiningu nýrra svæða fyrir íbúðir, stakar breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum, auk þess sem sett eru fram ný megin markmið í völdum málaflokkum. Tillögurnar gera enn fremur ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040.

Skipulagstillögurnar, ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum, hafa verið gerðar aðgengilegar á [adalskipulag.is](http://adalskipulag.is) og sendar til skilgreindra hagaðila. Áformað er að kynna tillögurnar á opnum fundi sem verður auglýstur sérstaklega. Óskað er eftir því að umsögnum og athugasemdum verði komið á framfæri fyrir 20. nóvember nk. Þeir sem óska frekari upplýsinga um málið geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) eða [skriflega](mailto:skriflega) til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14.

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)  
Deildarstjóri aðalskipulags  
Umhverfis- og skipulagssviði  
Reykjavíkurborgar

Sent til:

Íbúaráð í öllum borgarhlutum

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Velferðarráð/svið

Skóla- og frístundaráð/svið

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Öldungaráð

Ungmennaráð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Faxaflóahafnir

Sorpa

Orkuveita Reykjavíkur

Orka náttúrunnar

Veitur

Borgarsögusafn

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH),

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins,

Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, önnur nágrennasveitarfélög

Skipulagsstofnun  
Umhverfisstofnun  
Minjastofnun Íslands,  
Vegagerðin  
Samgöngustofa  
Isavia  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Hafrannsóknarstofnun  
Orkustofnun  
Veðurstofan  
Húnsæðis- og mannvirkjastofnun Samtök atvinnulífsins,  
Samtök iðnaðarins  
Samtök ferðaþjónustunnar  
Samtök verslunar og þjónustu  
Grænni byggð  
Landvernd  
Íbúasamtök

---